

„Þar mátti ekki aðsókn við koma“ – BORGARBORG
Ófriður Sturlunga, aðför og umsátur um Borgina 1234.
Grein eftir Sigurð Ólafsson sem birtist í Tímanum 23. desember 1979.

Undir suðurhlíðum Snæfellsnesfjallgarðar, í landi jarðarinnar Borgar í Miklaholtshreppi, er mikil og sérkennileg klettaborg, umgirt háu standbergi, allt um kring, kölluð ýmist “Borgin” eða venjulega „Borgarborg“. Stendur hún á hárrí brekkubrún og ber hátt yfir, einkum frá norðri séð, enda bergið mun hærra þeim megin. Uppi er Borgin nokkurn vegin flöt, sporöskulöguð, en sunnan frá minnir helst á Drangey á Skagafirði. „Hún er sem höggvin út af mannahöndum eða hlaðin upp“. Hún er liðlega 200 metrar að ummáli, og hæðin 20 – 30 metrar, lauslega áætlað. Að öllum líkum lætur, að Borgin hafi að fornu (og nýju) verið hið ákjósanlegasta varnarvígi, þar sem þræða má einstigi og þó með allnokkurri dirfsku, og varúð ef vel á að fara.

Eins og til hagar hér á landi eru örnefni líklega einhver veigamesti þáttur til fornminjafraeðinnar. Af hinum ótölulega fjölda örnefna í landinu er verulegur hluti af sögulegri rót, beint eða óbeint, þ.e.a.s. að við þó tengjast sögulegir atburðir með einhverjum hætti, hvort sem nafngirftirnar sjálfar eru þannig til orðnar eða ekki, í hverju einstöku tilfelli. Örnefni af þessu tagi eru að segja má undirstaða eða umgerð hvernar sögu eða frásagnar, þau eru nauðsynlegur tengiliður frá nútíð til liðinna tíma. Þau „opna beint samband við fortíðina“, segir Kristján Eldjárn enda eru þau með nokkrum hætti „vitnisburður um þjóðina sjálfa og líf hennar og starf í landinu“. „Örnefni mörg lypta enn í dag eins og hulu frá augum nútíðarinnar svo að skyndilega sér inni heiðríka fornöld“ (Helgi Hjörvar). Það er þessvegna mjög að vonum að söguþjóð sem Íslendingarláti sér annt um forn örnefni og sögustaði, og forði þeim frá tortímingu og gleysku. Hér hefur Örnefnastofnun (og héraðsminjasöfn) miklu hlutverki að gegna, en einnig þarf til að koma aukinn áhugi og skilningur almennings á þessu menningarstarfi. Okkur til ævarandi varnaðar mætti vera sú furðulega uppákoma Norðmanna að týna hinni fornu konungshöll frá stórveldistíma landsins, og nota sem mjölgeymslu um aldiaraðir.

Ég, sem þessar línur rita, er upp alinn á u.þ.b. næsta bæ við Borgarborg, og ég hafði hana því fyrir augum að segja má öll mín uppvaxtarár, kom þar aftsinnis, enda stutt að sækja. Leit ég alltaf til hennar með einhverri óvissublandinni lotningu, fannst hún eins og ríkja eftir umhverjину, byggðarlaginu, þar mundu „reika svipir fornaldar“ eins og skáldið segir, þarna hafa áræðanlega verið barist, og varist, í hinu rammaugna náttúruvígi. Býst ég við, að hinir fullorðnu hafi haft svipaðar tilfinningar eða hugmyndir, og fyrir Borgar-fólki var og er Borgarborgin helgidómur. Hins vegar man ég ekki til að getið væri neins ákveðins atburðar frá liðnum tímum, sem tengdur væri sögu Borgarinnar sérstaklega. Það kunna þá að hafa verið einhver óljós ummæli.

Annars er því ekki að leynd, að eitthvað þótti dularfullt eða dulmagnað, við þennan stað, og fóru af því sögur. Almælt er var til dæmis, að ljós sæjust stundum í Borginni á vetrarkvöldum, björt og skær, jafnan suðaustan í klettunum. Eru af þessu mörg vitni, þ.á.m. núlifandi fólk, sem ýmist hefir

séð þetta sjálf, eða heyrt aðra segja frá þessu fyrirbrigði, m.a. fólk sem nú er löngu látið. Er mér sérstaklega minnisstætt þegar Guðný á Borg var að lýsa þessu fyrir okkur. Hún var vönduð og skilrík kona, látin fyrir mörgum árum. Sjálfur var ég einnig vitni að þessu, a.m.k. einu sinni, er við vorum tveir strákar, vorum útvið seint um kvöld. Sóttum við heimilisfólkið til þess að sjá þetta með okkur, voru þar og einhverjir gestkomandi, (mig minnir að það hafi verið hreppsnefndin að jafna niður útsvörum). - Var ljósið mjög greinilegt, virtist vera nokkuð upp í berginu, austanvert í Borginni að sunnnaverðu. Horfðum við á þetta öll saman, og samtímis, þar til eftir nokkra stund, að ljósið hvarf allt í einu, og kom ekki aftur, að því sinni. - Ef ég man rétt var þetta um nýársleytið, frostaveturinn mikla.

Flestir munu kannast við það fyrirbæri úr Þjóðlífinu, sem nefnt er „álög“ (álagablettir) eða „bannhelgi“ sem jafnan hvíli á tilteknum stöðum, og aldrei megi útaf bregða. „Fátt er rammara en forneskjan“, sagði Ásdís á Bjargi enda hefir það orðið mörgum dýrkeupt reynsla, að rísa gegn þeim máttarvöldum. Almælt var að slík bannhelgi hvíldi á Borginni, þar má ekki fugl deyða eða neina skepnu, né heldur jarðrask gera eða steinum kasta. Allt hefur þetta verið virt og haldið, og að ég held aldrei útaf brugðið. Á ég heldur ekki von á, að þar verði breyting á, a.m.k. meðan núlifandi Borgarbænda nýtur við.

Nú mun sennilega ýmsum þykja, svo sem sem nokkurrar hjátrúar gæti í því, sem nú hefir verið sagt um klettaborg þessa. En hvað er hjátrú, hindurvítin? Hver er þess umkominn að kveða upp úr um það? Sannleikurinn er sá, að vitundarsvið okkar nær miklu skemmra en við höldum eða viljum vera láta, sérstaklega þegar um dulfræðileg efni er að tefla. Við skildum þess vegna forðast öll stóryrði eða fullyrðingar, alhæfingar og rengingar. Hins vegar eru alltaf til menn, sem þykjast of finir eða menntaðir til að trúá neinu þegar slík mál ber á góma, gömul munnmæli eða þjóðtrú. „Trúið aldrei rengingarmanninum“, sagði sr. Árni Þórarinsson, sóknarpresturinn okkar. Hér verður meir að byggja á reynslu kynslóðanna, vætti skilríks og vandaðs fólks, lófs og liðins, heldur en einskisverðu spotti heimskra gárunga, „trúleysi ofvirtinganna“, svo tilfærð séu ummæli Jóns Sigurðssonar forseta í ritgerð um þjóðsögur. Og „til hvers er að láta sér svo drembilega“ segir forsetinn ennfremur, „að þykjast skila allt og vita allt“, og stimpla dulræna reynslu alþýðunnar sem „hjátrú eina og hindurvítin“? Forsetinn þykist ekki uppúr því vaxinn, að leggja hlustir við því, sem alþýða hefur til þessara mála að leggja. Annars eru „fyrirbrigði“ sem þau, er að framan er lýst, svo alþekkt, sérstaklega útum byggðir landsins, og svo margfaldlega sönnuð, að vonlaust er að rengja.

Ég gat þess hér að framan, að svo virðist sem menn hafi ekki beinlínis gert sér grein fyrir hvort eða hvaða atburðir hafi gerst á fyrri öldum, sem tengdir yrðir sögu Borgarinnar sérstaklega. Eftirtektarvert er, að höfundar þeir og fræðimenn, sem skráð hafa staðfræði örnefna og sögustaða, svo sem dr. Kaalund, Þorsteinn Jósepson, Þorv. Thoroddsen o.fl. virðast ekki hafa veitt þessum sögum athygli, og geta hans í engu. Er mér vitanlega hvergi á hann minnst í seinni tíma heimildum. Hins vegar er frásögn í Sturlungu, - Íslendingasögu Sturlu Þórðarsonar, - sem ótvírætt á við Borgarborg, og atburði þá sem þar gerðust á þeirri öld. En frásögnin er að vísu stuttaraleg, og óljós á marga lund, og verður því ekki hjá því komist að geta í eyður, þegar svo ber undir. Allt að einu er tiltölulega auðvelt að gera sér grein fyrir hvað þarna gerðist, og mun það nú rakið, en þó einungis lauslega og í stórum dráttum.

Það er sumarið 1234, fjórum árum fyrir Örylgsstaðabardaga. Ófriður er þá með mesta móti með Sturlungum. Deiluaðilar voru að þessu sinni bræðurnir Snorri Sturluson og Þórður Sturluson, yfirleitt friðsemdarmenn, og síðan synir þeirra miður friðsamir, Órækja Snorrason, Böðvar Þórðarson (faðir Þorgilsar skarða) og Sturla Þórðarson, sagnarritarinn. Þegar hér var komið bjó Þórður Sturluson á Eyri (Hallbjarnareyri) við Breiðafjörð og átti bú víðar, Böðvar bjó á Stað (Staðarstað), Sturla hafði bú á Staðarhóli og Reykhólum, en Órækja sat í Vatnsfirði við Djúp, og hafð þar „bú mikit, ok fekk til um alla fjörðu“.

Erfitt er að segja um það með fullrei vissu hver voru raunveruleg upptök þessarar deilu, sem hér er um að fjalla. Tekja verður, að Kolbeinn ungi komi þar við sögu, en það virðist aldrei hafa gróið um heilt með þeim Snorra út af arfaskiptum eftir Hallberu dóttur hans. Snemma árs 1234 fóru þeir Kolbeinn með miklu liði suður á Rangárvöllu, og „settust í bú“ Snorra, sem hann átti í Dal undir Eyjafjöllum, Leirubakka og fleiri jörðum, sátu þeir þar lengi um sumarið, „ok gerðu þar margar óspektir ok ræntu víða“.

Á hinn bóginn hafði Órækja Snorrason, á heimleið af Flatatungufundi „farið óspaklega um héröð“, rænt bú Þórðar Sturlusonar í Hvammi og síðan „gert bú“ á Staðarhóli og annað á Reykhólum, og „tekið fé af bóndum“ en höfuðból þessi áttu Þórður Sturluson og synir hans, Sturla sagnarritari og þeir bræður. Þótti Þórði #sem menn Órækju myndi gera margar óspektir þingmönnum hans, ef hann sæti í Saurbæ eða á Hólum“ (Reykhólum). Var nú enda skammt að bíða meiri tíðinda.

Svo sem fram kemur í Sturlungu og fleiri heimildum var það algengt að höfðingjar ættu bú á fleiri jörðum en einni, stundum mörgum. Rændu þeir þá ósjaldan bú hvers annars, „tóku upp búin“ sem svo var kallað, „settust“ í búin, drápu búpening, sumpart sér til matar eða höfðu á brott með sér. Stundum settust þeir upp langtímum saman, lögðu undir sig hús og staði og flæmdu rétta eigendur þannig af eignum sínum, lengri eða skemmri tíma. Var slíkt ekki einasta ofbeldi og fjandskaparbragð, heldur og í mörgum tilfellum „eðlileg“ hernaðaraðgerð, því herflokkum varð ekki haldið uppi í leiðöngrum nema með ránskap einhvers konar og þá auðvitað helst þar, sem af nægum matföngum var að taka, svo sem á stórbýlum, a.m.k. ef sæmilegt var í ári.

Nú sem Þórður Sturluson og synir hans fréttia um tiltektir Órækju í Saurbæ (Staðarhóli) og Reykhólum bregða þeir við hart, og safna liði. Fer Þórður landleiðina „inn til Dala ok svá til Saurbæjar“ með 180 manna lið en Sturla sjóleiðina með 60 manna flokk. Tóku þeir upp „bú allt“ á Reykhólum og „fóru síðan aftur til Saurbæjar“ ... „tóku þeir allt bú þat, sem þar hafði verit sama dregit“. Voru og ýmsar fleiri framferðir þeirra allófagarar, þ.á.m. rændu þeir einnig á Skarði á heimleiðinni, og „báru út hvatvetna þat, er laust var“. Fluttu þeir síðan „allt ránsféit“ með sér suður til Bjarnarhafnar. - (Allar tilvitnanir innan hermimerkja orðréttar upp úr Sturlungu, Íslendingasögu).

Þegar þessu fer fram situr Órækja vestur í Vatnsfirði, og er nú tíðindalaust um hríð. Er það þá mjög jafnsnemma, að honum berst vitneskja um herhlaup Þórðar og sona hans, sem nú var rakið, og að honum kemur orðsending frá Snorra föður sínum, „at hann skyldi koma suður þannig með fjölmenni, ok vill Snorri fara að þeim Norðlendingum, er í búum hans sátu“ í Rangárþingi, og frá er sagt hér að framan. Mun Órækja nú ekki hafa þótt til setunnar boðið, en hann var jafnan ódeigur til stórræðanna. „Safnaði hann liði um alla Vestfjörðu ok hafði á fjórða hundruði manna ok fóru suður á sveitir“. Virðist liðssöfnunin hafa gengið greiðlega, þótt um bjargræðistíma væri, en Órækja þótti jafnan röskur til slíkra liðsuppkvaðninga, og virðist hafa notið vinsælda að nokkru marki þótt hann

þætti helst til óvillinn til aðdráttu og tilfanga, en hann hafði „bú mikit í Vatnsfirði ok fekk til til um alla fjörðu“, sem fyrr er sagt.

Liðssafnaður Órækju hefir ekki verið undir 400-450 manns, eða með þeim meiri, sem sögur fara af á allri Sturlungaöld. Allt hefir þetta lið verið ríðandi, og hefur því þurft 5–600 hesta í leiðangrinum, lauslega áætlað. Þetta var heldur engin smávegir bæjarleið. Úr Vatnsfirði og Vestfjörðum og alla leið austur undir Eyjafjöll, 6-700 km leið. En leiðangurinn komst aldrei á ákvörðunarstað. Honum lauk við Borgarborg á Snæfellsnesi, sem nú verður senn rakið.

Af Þórði Sturlusyni og sonum hans er það að segja, að þegar þeim barst vitneskja um ferðir og fyrirætlanir Órækju bregða þeir þegar við og safna liði á nýjan leik, „fengu tvau hundruð hvárir“, þ.e. samanlagt 480 manns beggja megin fjalla, auk um 40 manna vara- og njósnaliðsinni í Akureyjum. Hefir þeim þannig þótt vissara að vera við öllu búnir, ef Órækja kynni að líta við hjá þeim í leiðinni, svo sem vegna umsvifa þeirra og viðskilnaðar í Saurbænum á dögnum.

Þegar hér er komið verður skyndilega breyting á hernaðaráformum Órækju. Sendimenn koma á móti honum með skilaboð frá Reykholti, þar sem Snorri segir „at þeir Kolbeinn váru í brottu frá Rangárvöllum“, og skuli hann því, „ekki fara sudr þangat“, heldur „snúa heim flokkinum“. Sneri hann þá flokkinum niður af Rauðamelsheiðiofan í Hnappadal, hafði þar matföng og vistir af bændum, „ok fóru með hinni mestu óspekt“. Hugðist Órækja nú gera upp reikningana við þá frændur sína, á Stað og Eyri, fór hratt yfir sem hans var vand, „óðfluga um hreppinn“, til þess að koma þeim helst í opna skjöldu.

Vitaskuld höfðu þeir Þórðarmenn varðhöld og njósnir um ferðir Órækju, bæði inn um Eyjar, og að sunnanverðu er hann kæmi af Rauðamelsheiði niður Hnappadalinn. Fyrir njósnaflokki þar var Böðvar sjálfur, við 20 man. Sennilega hafa þeir tekið sér stöðu sunnanvert í Hafursfelli (Hofmannafliót) þar sem vel sést til ferða af heiðinni, en líklega orðið seinir fyrir því þegar þeir verða hvorir annarra varir „fundu þeir Böðvar eigi fyrr en sumt liðit Órækju var komit lengra út en þeir, ok höfðu riðit it neðra“, þ.e. fjörur (Hausthúsafjörur), en þarna er einungis mjó landræma milli lands og fjöru. Auðsætt er, að framflokkar Órækju sveigja nú upp á við í veg fyrir Böðvar, til þess að loka undankomuleið hans vestur úr, (til Staðar), en aðallið Órækju sækir fast á eftir. Hefst nú eltingarleikur vestur hreppinn, riðu þeir Órækja allt hvað af tók, „fóru óðfluga um hreppinn“ segir sagan og skyldi þá Böðvar nú ekki undan bera. Þá er það sem Böðvar bregður á það ráð, að „ríða til borgar þeirrar, sem stendr suðr frá Hörgsholti, er bærinn er við kenndr at Borg“, og er það sem sjá má vafalaust, að hér er átt við Borgarborg. „Fóru (þeið Böðvar) þar á upp“. Síðan segir ennfremur, að Órækja „reið þannig (þangað) út með allan flokk sinn“. Hafa þeir vafalaust greitt atlögu að Borginni, en fengið grjóthrið nóga, ef að líkum lætur, enda segir sagan, að þarna „mátti ekki atsókn við koma“. Ekki er getið um mannfall í aðför þessari. Er og ekki ólíklegt að fleiri hafi leitað skjóls í víginu heldur en Böðvar á Stað og menn hans. Flokkar Órækju voru sjaldnast aufúsugestir í byggðarlögum sem þeir fóru yfir, enda virðist hann lítt hafa haldið þeim til aga. - (Fræg er í öðru sambandi „innrás“ Vatnsfirðinga á Snæfellsnesið, er þeir ruddust að næturþeli inn á bæ á Helgafelli og tóku prestfrúna fáklædda úpp úr rúmi bónda síns og höfðu með sér vestur í Vatnsfjörð, (líklega reyndar með góðu samþykki hennar)). Þar sem menn Órækju höfðu eins og áður var sagt farið „með inni mestu óspekt“ er þeir komu niður af heiðinni, er ekki ósennilegt að einhverjir hreppsþúa hafi leitað skjóls og öryggis í Borginni, hinu rammgerða náttúruvigi. Fór það líka eftir, sem ætla mátti, að

Órækja fengi „engri ásókn við komit“ þrátt fyrir ofurefli liðs, á fimmta hundrað manna, albúnu til átaka og stórræða.

Þegar hér var komið er svo frá sagt, að menn „fóru á milli þeirra ok leituðu um sættir“. Ekki er þess getið hverjir tóku það frumkvæði. „Vildi Órækja ekki annat en sjálfðæmi - kallaðist vilja hafa sæmið af því, en lést vera fésjúkr#. Var enda ekki við öðru að búast, eins og aðstöðu var háttað. Þar sem Órækja hafði liðsafla nógan, til skipta í samfelld varðhöld um Borgina, hlaut fljótlega af því að reka, að þeir Böðvar yrðu svældir niður úr víginu, svo sem fyrir vatnsskort og vista, á hinn bóginn var á það að líta, að drægist umsátur á langinn myndi liðssafnaðurinn leggjast á búpening bænda sér til upphalds, og gæti slíkt orðið þungar búsisfar. Hafa það því sennilega verið bændur í hreppnum, sem áttu „hlut at við böðvar, at hann skyldi at þessu ganga, sem Órækja bauð. Hét og Órækja því, at Böðvar skyldi miklu ráða um sættir með þeim Þórði“ (föður Böðvars). „En Böðvar var góðgjarn“, (segir ennfremur), „ok gekk hann til festu við þennan skildaga“. Síðar, er mál þetta kom undir Þórð „fýsti hann mjög sátta“, og segir „at Órækja myndi myndi allgóður drengur af vera ef undir hann væri lagit“. Sjálfur kvaðst hann þó „honum aldri mundu sjálfðæmi selja, en það sonu sína fara með sínu máli sem þeir vildi“. Gengu sættir þannig saman, en skiljanlega með nokkurri tregðu af Böðvars hálfu. En hann mun hafa séð frámmá tvennt, annaðhvort myndi Órækja freysta áframhaldandi umsáurs með tilheyrandi ránskap og búsyfjum í byggðarlaginu eða að hann myndi að öðrum kosti stefna liðsafla sínum tafarlaust vestur á Stað, til þess að verða á undan innanfjallsliðinu frá Eyri, sem væntanlegt var suður yfir til að sameinast liðinu þar, áður en til úrslita drægi. Hefði Órækja þannig orðið fyrri á vettvang og voru yfirburðir hans og liðsmunur slíkur, - tveir á móti einum - að staða sunnanfjallsmanna var með öllu vonlaus, og hlaut Órækja þá að eiga þar alls kostar og vísan sigur. Tók Böðvar því þann kostinn, sem skynsamlegri var eins og á horðist, og „gekk til festu“ um sjálfðæmi Órækju, enda skyldi betur gengið frá sáttargerðinni síðar. Í griðum þessum fólst meira en það, að stöðvuð yrði grjóthríð og umsátur við Borgina. Þau tóku einnig til lokauppgjörs herjanna, sem ella var óumflýjanlegt, enda sneri Órækja nú liði sínu „norður Kerlingarskarð“, skemmstu leið til heimaslóða, án þess að til frekari átaka kæmi syðra. Virðast deiluaðilar þannig hafa „skilist sáttir að kalla“ og meira segja með „inum mestu vinmælum“ eins og sagan orðar það, enda þótt þeir væru reyndar ekki skildir að skiptum, og á ýmsu gengi um venskapinn, er frá leið.

Þess verður að geta, að frásögn Íslendingasögu Sturlungu af atburðum þessum er mjög slitrótt, og víða óljós og torskilin, þó ég hafi reynt að geta í eyður sums staðar, og stundum skeytt saman eða ráðað brotabrotum sögunnar til að fá fram eðlilega tímaröð og samhengi. En frásögn sagnaritarans Sturlu Þórðarsonar, geldur þess, að hann mun ekki sjálfur hafa verið persónulega á vettvangi þessara atburða - (var líklega inni Akureyjun?) - auk þess sem hann hefur varla kært sig um að fegra eða auglýsa sérstaklega hlut mótaðilans, Órækju, þar sem hann taldist hafa haft betur í viðskiptum þessum við þá Staðarfeðga.

--- --- ---

Af því sem nú hefur verið týnt saman, virðist það vel mega til sanns vegar færa, að Borgarborg í Miklaholtshreppi sé meiri og merkari sögustaður, heldur en menn virðast almennt hafa gert sér grein fyrir til þessa. Það er söguleg staðreynd, að fyrir einstæða varnaraðstöðu í Borginni tókst að fá þar sett grið með mönnum, og sættir, og afstýra þannig háskalegum átökum, áverkum og mannvígum, í ófyrirsjáanlegum mæli. Hefði liðsflokkum þessum lostið saman, með fullri tölu á báðar hendur, má vafalítið gera ráð fyrir, - ef leyfilegt er að gefa hungmyndafluginu lausan tauminn, - að orðið hefði meiriháttar orrusta, líklega þriðja eða fjórða stærsta á þeirri öld, að mannfjölda til. Engin veit hvort eða hvenær vopnahlé hefði samist eða sættir tekist, allt eins líklegt, að barist hefði verið til úrslita. Um þetta vitum við ekkert, um hitt höfum við sögulegar heimildir, að uppi voru stórfelldir liðssamdrættir og fyrirsjáanleg mannskæð atök, hvernig sem annars kynni að hafa reitt af. Þeim háska varð afstýrt með sáttargerðinni 1234. Þess vegna er Borgarborg ekki einasta sögustaður, í venjulegri merkingu, heldur er hún um leið heillastaður í sögunni.

S. ÓI.